

# ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK

## LANDBÚNAÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

98. fundur landbúnaðarráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn 3. nóvember 2010 kl. 13:00 í Ráðhúsi Húnaþings vestra. Mæting samkvæmt undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Viðræður við fulltrúa fjallskiladeilda.
2. Upplýsingar um refa- og minkaveiði
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Til fundar með landbúnaðarráði eru mættir fulltrúar fjallskilastjórna Hrútfirðinga, Miðfirðinga og Víðdælinga. Fulltrúar fjallskilastjórna kynntu tillögur sínar og áherslur vegna gerðar fjárhagsáætlunar ársins 2011. Erindum fjallskilastjórna vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar. Rætt um tillögur fjallskilastjórna og áhersluatriði svo og önnur málefni t.d. styrkvegi, viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga, línubrjóta og refa- og minkaeyðingu.

2. Fram lagðar upplýsingar um refa- og minkaveiði 1. september 2009 – 31. ágúst 2010. Kostnaður er alls kr. 5.368.181- Unnin grendýr eru 74, yrðlingar 168, hlaupadýr 92 og minkar 61.

3. Önnur mál.

A.) Sveitarstjóri lagði fram bréf Umhverfisstofnunar þar sem athygli er vakin á að í frumvarpi til fjárlaga ársins 2011 er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til endurgreiðslu vegna refaveiða. Landbúnaðarráð Húnaþings vestra mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um að hætta endurgreiðslum vegna refaveiða á árinu 2011. Landbúnaðarráð vekur athygli á því að frá 1. september 2009 til 31. ágúst 2010 nam kostnaður sveitarfélagsins vegna refaveiða tæpum 5 milljónum kr. Landbúnaðarráð skorar á sveitarstjórn að koma á framfæri við stjórnvöld harðorðum mótmælum vegna þessara áforma.

B.) Af gefnu tilefni skorar landbúnaðarráð á Vegagerðina og hlutaðeigandi landeigendur að ráðast í nauðsynlegar girðingarframkvæmdir meðfram tilteknum vegsvæðum á Vatnsnesi og í Vesturhópi. Það er mat Landbúnaðarráðs að með tilliti til almennra umferðaröryggissjónarmiða, m.a. vegna aksturs skólabifreiða og aukins umferðarþunga, sé óumflýjanlegt og löngu tímabært að gera viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á alvarlegum umferðarslysum á leiðinni um Vatnsnes og Vesturhóp.

Agnar Jónsson boðaði forföll sín og varamanns.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 15:30

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir(sign.),  
Þorsteinn B. Helgason(sign.),  
Sigtryggur Sigurvaldason(sign.).

Skúli Þórðarson(sign.)  
Þórarinn Óli Rafnsson(sign.).